

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018,
Vestfjarðavegur (60) í Kjálkafirði.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 27. janúar 2012 breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna Vestfjarðavegar í Kjálkafirði, sem samþykkt var í sveitarstjórn 7. desember 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 13. og 19. janúar 2012.

Breytingin felst í breyttri legu Vestfjarðavegar í Kjálkafirði, þ.e. þverun fjarðarins á brú.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 27. janúar 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 13. febrúar 2012